

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 23. mars, var haldinn 139. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Bólstaðarhlíð 43 og hófst kl. 16.32 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Svala Arnardóttir, Diljá Ámundadóttir, Garðar Mýrdal, Sigríður Hallgrímsdóttir, Gissur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi og Tryggvi Scheving Thorsteinsson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Hlíða. Þá sat fundinn Sigrúður Erla Arnardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á starfssemi félagsmiðstöðvarinnar að Bólstaðarhlíð 43.
Drífa Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lagt fram bréf vegna fegrunarviðurkenningar frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 03. mars 2017.
- Kl. 17.30 Sigríður Hallgrímsdóttir tekur sæti á fundi.
3. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði um brú yfir Fossvog.
4. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 21. mars 2017 vegna göngubrúar yfir Miklubraut á kaflanum frá Lönguhlíð að Kringlumýrabraut.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir svarið og óskar eftir að fá niðurstöður sendar þegar vinnu er lokið.

5. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. febrúar 2017 vegna skólalóðar við Háteigsskóla.
6. Lagt fram bréf frá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2017, um samráð og samstarf öldungaráðs Reykjavíkurborgar við hverfaráð.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð fagnar áhuga öldungaráðs Reykjavíkur um að vilja koma og sitja fundi ráðsins og býður þeim að hafa áheyrnarfulltrúa.

7. Fram fer umræða um fjölgun skólabarna og umferðar á Valssvæðinu.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun

Hverfisráð Hlíða óskar eftir kynningu á uppbyggingu á Hlíðarenda svæðinu og á framtíðarskipulagningu á BSÍ svæðinu.

Fundi slitið kl. 17.58

Margrét M. Norðdahl

Svala Arnardóttir
Diljá Ámundadóttir

Garðar Mýrdal
Sigríður Hallgrímsdóttir